



VONARLAND Í SVEITARFÉLAGINU ÁRBORG

**Deiliskipulag landspildu**

**25.01.2019**





EFLA VERKFRÆÐISTOFA  
+354 412 6000 [ebla@ebla.is](mailto:ebla@ebla.is) [www.ebla.is](http://www.ebla.is)



#### SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ

SKJALALYKILL	TITILL SKÝRSLU
7821-001-GRG-001-V01	Vonarland í Sveitarfélagitnu Árborg
SKÝRSLUNÚMER / SÍÐUFJÖLDI	VERKHEITI
01/09	Deiliskipulag landspíldu
VERKEFNISSSTJÓRI / FULLTRÚI VERKKAUPA	VERKKAUPI
Zóphonías Már Jónsson	Zóphonías Már Jónsson
VERKEFNISSSTJÓRI EFLA	HÖFUNDUR
Gísli Gíslason	Ingibjörg Sveinsdóttir, Gísli Gíslason

#### ÚTGÁFUSAGA

NR.	HÖFUNDUR	DAGS.	RÝNT	DAGS.	SAMPÝKKT	DAGS.
01	Ingibjörg Sveinsdóttir	25.01.19	Gísli Gíslason	26.01.19	Ingibjörg Sveinsdóttir	

EFLA VERKFRAÐISTOFA

¶+354 412 6000    efla@efla.is    www.efla.is



Deiliskipulag þetta, sem auglýst hefur verið samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar þann \_\_\_\_\_

f.h. Sveitarfélagsins Árborgar

Tillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_ með athugasemdaresti til \_\_\_\_\_

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_

## EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	6
1.1	Skipulagsgögn	6
2	FORSENDUR	6
2.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	6
2.2	Aðalskipulag Sveitarfélagsins Árborgar 2010-2030	7
2.3	Fornminjar	7
3	UMHVERFISÁHRIF	7
4	DEILISKIPULAG – SKIPULAGSSKILMÁLAR	8
4.1	Byggingar	8
4.2	Vegir og bílastæði	8
4.3	Veitur	8
4.4	Sorp	8
5	ALMENNIR SKILMÁLAR	9
5.1	Hönnun og uppdrættir	9
5.2	Mæliblöð	9
5.3	Regnvatn	9
5.4	Frágangur lóða og umgengni	9

## 1 INNGANGUR

Deiliskipulag fyrir Vonarland í Sveitarfélagini Árborg (landnr. 192498) tekur til byggingar tveggja íbúð- arhúsa, skemmu og gestahúss. Landeigandi hefur undanfarin ár verið með nokkur fristundahús til útleigu og einnig tjaldsvæði. Stefnt er að frekari uppbyggingu og fastri búsetu með byggingu íbúðarhúss. Aðkoma að svæðinu er af Gaulverjabærjarvegi nr. 33 og Grundarvegi nr. 3145.

Í aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem fristundasvæði og landbúnaðarsvæði.

### 1.1 Skipulagsgögn

Skipulagsuppdrættir eru unnið á grunni loftmyndar frá Loftmyndum ehf, kortagrunnum IS50v frá LMÍ og landamerkjaskrá frá Fasteignamatinnu. Deiliskipulagsgögn eru unnið í hnítakerfinu ISN93. Skipulags- gögn eru eftirfarandi:

- Deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:2.000.
- Skýringaruppdráttur í mkv. 1:6.000.
- Greinargerð þessi með skipulags- og byggingarskilmálum.
- Hluti úr Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2010-2030, þéttbýlisuppdráttur fyrir Stokkseyri.

## 2 FORSENDUR

Spildan Vonarland er skv. Þjóðskrá 6,4 ha að stærð og nær deiliskipulagið yfir hana alla. Svæðið er algróið og hluti þess hefur verið ræktaður sem tún. Samkvæmt vistgerðarkortlagningu er um að ræða vistgerðirnar graslendi og mólendi. Svæðið er nánast flatt og norðan þess er Traðarholtsvatn. Á spildunni eru manngerðar tjarnir. Á jörðinni eru 5 gestahús, bátaskýli, snyrtинг og tjaldsvæði, skemma og geymslur.

### 2.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Í landsskipulagsstefnu segir um skipulag í dreifbýli:

„*Skipulag sveitarfélags miði að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags og beini vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Fjölgun íbúða tengist einkum búrekstri eða annarri staðbundinni atvinnustarfsemi. Marka skal stefnu um yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja í dreifbýlinu og ákvörðun um staðsetningu og hönnun mannvirkja taki mið af byggingarhefðum, landslagi og staðháttum. Gæta skal að hagkvæmni varðandi samgöngur og veitur og byggð skal ekki ganga að óþörfu á svæði sem henta vel til ræktunar eða eru verðmæt vegna náttúruverndar. Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðarflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum. Leitast skal við að varðveita náttúru- og menningargæði sem hafa staðbundið, eða vítaskara, gildi út frá sögu, náttúrufari eða menningu.*

Fyrirhuguð uppbygging er í samræmi við landskipulagsstefnu. Nú þegar er rekin minniháttar atvinnustarfsemi á spildunni og fyrirhuguð er bygging íbúðarhúsa og að vera með fasta búsetu.

## 2.2 Aðalskipulag Sveitarfélagsins Árborgar 2010-2030

Í aðalskipulagi er Vonarland skilgreint sem landbúnaðarland og að hluta til sem frístundasvæði.

Í aðalskipulaginu er eftirfarandi stefna fyrir landbúnaðarland:

- Áhersla er á að landbúnaður verði áfram með hefðbundnum hætti.
- Ekki er heimilt að reisa stök íbúðarhús án tengsla við búskap.

Í aðalskipulaginu er eftirfarandi stefna fyrir frístundavæði.

- Einungis er heimilt að byggja frístundahús innan frístundasvæða.

Nokkur frístundahús til útleigu eru innan frístundasvæðisins. Á þeim hluta Vonarlands sem er skilgreint sem landbúnaðarland hefur verið rekið tjaldsvæði og hluti landsins er tún. Þá eru á Vonarlandi skemma og geymslur. Bygging íbúðarhúss án tengsla við búskap er ekki í samræmi við aðalskipulag.

## 2.3 Fornminjar

Unnið er að aðalskráningu fornminja í Árborg. Engar þekktar minjar eru innan skipulagsvæðisins. Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar svo fljótt sem auðið er skv. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

# 3 UMHVERFISÁHRIF

Deiliskipulag Vonarlands fellur ekki undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, þar sem ekki er mörkuð stefna er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Á Vonarlandi er rekin minniháttar atvinnustarfsemi og er fyrirhuguð frekari uppbygging, m.a. bygging íbúðarhúsa og að vera með fasta búsetu. Stefnan er í samræmi við landsskipulagsstefnu.

Á frístundasvæðinu eru nokkur gestahús sem leigð eru út. Einnig er tjaldsvæði á Vonarlandi. Landeigandi vill halda áfram uppbyggingu og hafa fasta búsetu á Vonarlandi. Hluti svæðisins er nýttur sem tún. Staðsetning mannvirkja er í góðum tengslum við núverandi byggingar og nýtir sömu aðkomu og veitir. Bygging íbúðarhúss án tengsla við búskap er ekki í samræmi við aðalskipulag. Samt sem áður er vilji til að heimila uppbyggingu skv. deiliskipulagstillöggunni og áhrif af uppbyggingunni eru talin hafa jákvæð áhrif á samfélagið.

## 4 DEILISKIPULAG – SKIPULAGSSKILMÁLAR

Á Vonarlandi hafa verið byggð nokkur frístundahús til útleigu, salerni í tengslum við tjaldsvæði, báta-skýli, skemma og geymslur.

### 4.1 Byggingar

Á byggingareit B1 eru eftirfarandi byggingarheimildir:

- Íbúðarhús og bílskúr allt að 150 m<sup>2</sup>, sambyggt eða sitt í hvoru lagi. Mænishæð getur verið allt að 5,0 m m.v. gólfkóta.
- Gestahús allt að 80 m<sup>2</sup>. Mænishæð getur verið allt að 5,0 m m.v. gólfkóta.
- Skemma allt að 200 m<sup>2</sup>. Mænishæð getur verið allt að 7,0 m m.v. gólfkóta.

Á byggingareit B2 eru eftirfarandi byggingarheimildir:

- Íbúðarhús allt að 120 m<sup>2</sup>. Mænishæð getur verið allt að 5,0 m m.v. gólfkóta.

Mænisstefna er frjáls.

### 4.2 Vegir og bílastæði

Aðkoma að Vonarlandi er af Gaulverjabæjarvegi nr. 33 og um Grundarveg nr. 3145. Bílastæði eru sýnd á deiliskipulagsupplætti.

### 4.3 Veitur

Byggingar verða tengdar núverandi veitukerfum í sveitarfélaginu. Lagnir skulu fylgja vegum eftir því sem við verður komið.

Rotþró er við núverandi gestahús og salerni. Gert er ráð fyrir nýrrri rotþró við íbúðarhús á byggingareit B1 og annarri á byggingareit B2. Leitast skal við að samnýta rotþrær eftir því sem við verður komið. Um fráveitum gildir reglugerð um fráveitum og skólp nr. 798/1999, með síðari breytingum.

### 4.4 Sorp

Í eða við byggingar skal vera aðstaða til flokkunar og geymslu sorps. Gera skal ráð fyrir a.m.k. þremur sorpilátum. Sorpgeymslur skulu vera í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012, með síðari breytum. Staðsetning og frágangur skal vera þannig að aðgengi sé gott. Sorphirða fer eftir reglum sveitarfélagsins hverju sinni.

## 5 ALMENNIR SKILMÁLAR

### 5.1 Hönnun og uppdrættir

Húsagerðir eru frjálsar að öðru leyti en því sem mæliblöð, hæðarblöð, skilmálar þessir, byggingarreglu-gerð og aðrar reglugerðir segja til um. Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóðar í aðalatriðum og fyrirkomulag mannvirkja á lóðinni.

### 5.2 Mæliblöð

Mæliblöð sýna lóðamörk, stærð lóðar, byggingarreiti, innkeyrslu inn á lóð og kvaðir ef einhverjar eru.

### 5.3 Regnvatn

Bent er á þann kost að veita vatni af húspökum og hörðu yfirborði við hús beint niður í jarðveginn. Koma má fyrir malarpúðum undir yfirborði lóða sem getur tekið við yfirborðsvatn í rigningum og leysingum þannig að yfirborðsvatn seytli smám saman út í jarðveginn og niður í grunnvatnið. Notast má við hefðbundnar þakvatnsagnir við að beina vatninu að malarpúðanum.

### 5.4 Frágangur lóða og umgengni

Þess skal gætt að spilla ekki eða raska landi að óþörfu. Landeigandi skal halda landi sem snyrtilegustu svo engin hætta stafi af búnaði eða munum innan þess né sé öðrum til ama. Að jafnaði skal ekki láta lausamuni s.s. gáma standa til lengri tíma innan lóðar án tilskilinna leyfa.

Lýsing skal vera lágstemmd og ljósi beint niður.

